

22. gr.

Söluandvirði og tjónabætur verðmætari eigna stofnana í A-hluta ríkisreiknings skal skila í ríkissjóð, og telja með tekjum á rekstrarreikningi A-hluta ríkisreiknings. Sé þörf á gjaldfærslu í framhaldi af sölu eða eignatjóni hjá stofnun skal hún byggð á fjárveitingum eða sérstökum gjaldaheimildum fjárlaga- og hagsýslustofnunar.

Söluandvirði og tjónabætur eigna B-hluta fyrirtækja og sjóða er verulegt verðgildi hafa, skal ráðstafa með samþykki fjármálaráðherra. Að jafnaði skal skila því fé til geymslu á reikning hjá ríkissjóði.

23. gr.

Ríkisstofnanir, sem hafa sitt eigið bókhald og annast eigið ársuppgjör, skulu ljúka reikningsskilum og afhenda þau ríkisbókhaldi, ríkisendurskoðun og ráðuneyti því, er þær heyra til, eigi síðar en 15. febrúar ár hvert.

Fyrirtæki og sjóðir ríkisins skulu ljúka reikningsskilum og afhenda þau ríkisbókhaldi, ríkisendurskoðun og ráðuneyti því, er þau heyra til, eigi síðar en 15. mars ár hvert.

Ríkisbókhaldi er heimilt að stytta skilafrest ríkisstofnana og fyrirtækja og sjóða ríkisins.

Bókhaldsgögnum skal skila ríkisendurskoðun skv. nánari ákvörðun ríkisendurskoðunar.

24. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga nr. 52 13. maí 1966 og öðlast gildi 1. janúar 1976.

Fjármálaráðuneytið, 19. desember 1975.

Matthías Á. Mathiesen.

Höskuldur Jónsson.

AUGLÝSING**um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.**

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að nota heimild laga nr. 75 frá 23. desember 1975, um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka og innheimta á árinu 1976 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

- a) Með 140% viðauka stimpilgjöld af öðru en afsölum fyrir fasteignum og skipum, leigusamningum um jarðir og lóðir og af kaupmálum.
- b) Með 140% viðauka sérleyfisbréfastgjöld, önnur en þau, er um ræðir í lögum nr. 79, um aukatekjur ríkissjóðs frá 23. desember 1975.

Álagið skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundradshluta, sem um ræðir í 1. gr., en broti úr krónu, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

Fjármálaráðuneytið, 23. desember 1975.

Höskuldur Jónsson.

Þorsteinn Geirsson.